



Morgunblaðið/Einar Falur

Hefilspónasnjör Egill Unndór Jónsson leggur lokahönd á uppsetningu eins verka sinna í Ásmundarsafni.

Lærdómsríkt ferli

● Á sýningu í Ásmundarsafni stillir Unndór Egill Jónsson verkum sínum upp með verkum Ásmundar Sveinssonar

„Þetta tók svolítið á, var löng fæðing að finna hvað ég vildi gera hér,“ segir myndlistarmaðurinn Unndór Egill Jónsson brosandir þegar hann er spurður hvort það hafi ekki verið ögrandi að vera boðið að setja upp sýningu með verkum stórmeistarans Ásmundar Sveinssonar í Ásmundarsafni. „Um leið hefur þetta verið mjög lærdómsríkt ferli.“

Sýningin með verkum Unndórs Egils og Ásmundar verður opnuð í dag, laugardag, klukkan 14 og kallar Unndór hana *Eftir stórhriðina*.

„Ég fór að skoða verkin hans að nýju og líka að máta mín verk við hans,“ segir Unndór. „Ég er í raun ekki enn búinn að vinna úr því öllu en áður en ég byrjaði ferlið fannst mér ég vera skúlptúristi, núna finnst mér ég vera meiri konseptlistamaður, við að máta mig við svona mikinn skúlptúrista. Mér finnst ég skilja minn bakgrunn betur.“

Þegar við ræðum saman er verið að hengja upp í loft Skeifunnar

gríðarstórt verk Unndórs gert úr trjábolum. Innar eru bekkir og lampar úr viði, verk á mótum nytjahluta og skúlptúra, og við stöndum í millibyggingu safnsins þar sem mangert tré gnæfir yfir færíböndum og hefilsþæmir allt um kring. Í verkið gengur rafmagnsleiðsla og það verður eflaust sett í gang.

„Þetta verk hér er stórt tré sem ég smíðaði. Tré sett saman úr mörgum pörtum af öðrum trjá. Það er hægt að skrúfa það aftur sundur, setja það niður í kassa og geyma. Við tréð hef ég tengt nokkur færíbönd sem ganga upp eftir því og þau bera með sér spæni sem berast upp og falla síðan niður eins og snjókörn í logni.

Ég heillaðist af þessari byggingu og ekki síst birtunni hér inni. Efnisvalið og frágangurinn á efninu finnst mér vera í samtali við birtuna, kyrrðina og nánast heilagleikann hér sem ég vildi undirstrika.“

Á þessari sýningu eins og sínum

síðustu, til að mynda þeirri í Kling & Bang sem hann setti upp árið 2020 og vakti mikla athygli, vinnur Unndór með tré sem efnivið. Kaus hann að kallast þannig einkum á við þá skúlptúra Ásmundar þar sem hann vinnur úr tré?

„Að vissu leyti en ég tengi þó aðallega við þau verk hans þar sem formin snúast saman. Þar sem manneskjan, umhverfið og athafnir mannsins umbreytast í eitt stórt form. Mér finnst þau verk hans passa sérstaklega vel við mín. Það er líka nokkuð sem ég reyni oft að vinna með í mínum; samsuða þess villta í náttúrunni og þess verkfræðilega og tamda.“

Egill Unndór (f. 1978) útskrifaðist með BA-gráðu frá myndlistardeild LHÍ árið 2008 og lauk MFA-námi frá Valand-skólanum í Gautaborg 2011. Undanfarin ár hefur hann sýnt bæði á Íslandi og erlendis. Sýningarstjórnar eru Aldís Snorradóttir og Edda Halldórsdóttir. efi@mbl.is